

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/1303****2025/EES/28/17****frá 25. apríl 2022****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 að því  
er varðar skilgreiningu og kröfur varðandi etanól úr landbúnaði (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/787 frá 17. apríl 2019 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu og merkingu brenndra drykkja, notkun heita brenndra drykkja í kynningu og merkingu annarra matvæla, vernd landfræðilegra merkinga fyrir brennda drykki, notkun etanóls og eimis úr landbúnaði í áfenga drykki og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 110/2008 <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 er kveðið á um skilgreiningu og kröfur varðandi etanól úr landbúnaði sem í iðnaðinum er einnig nefnt landbúnaðaralkóhól, hreint alkóhól eða hreinsað alkóhól. Þessi tæknilega skilgreining og þessar kröfur voru yfirfærðar án umtalsverðra breytinga frá þeim sem mælt er fyrir um í 1. lið I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 <sup>(2)</sup>.
- 2) Skilgreiningin og kröfurnar varðandi etanól úr landbúnaði sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 eru þó að hluta til úreltar frá tæknilegu og vísindalegu sjónarmiði. Einkum þarf að færa hámarksgildi tiltekinna efnaleifa til samræmis við tæknilegar breytur sem eru sem stendur notaðar í iðnaðinum og flestum greiningum á rannsóknarstofum. Tækniframfarir á þessu sviði réttlæta því þörf á breytingu á þessari skilgreiningu og þessum kröfum.
- 3) Tilvísanir til „heildarsýruinnihald“, „rokgjarnir basar sem innihalda köfnunarefni“ og „þurrefni“, sem kveðið er um í i., vi. og vii. lið d-liðar 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, eru ekki lengur viðeigandi þar eð þær eru alla jafna ekki notaðar sem tæknilegar vinnslubreytur sökum þess að tilvist slíkra efnaleifa í alkóhóli í 96% styrkleika miðað við rúmmál er óveruleg og ólíkleg til að finnast í etanóli úr landbúnaði.
- 4) Að því er varðar „estrar“, „aldehýð“ og „stærri alkóhól“ eru hámarksgildin, sem um getur í ii., iii. og iv. lið d-liðar 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787, ekki nógu sértæk og útheimta sem stendur aðferðir til vökvafasagreininga (e. *wet chemistry*) sem eru ekki skilgreindar í lögum Sambandsins. Nákvæmari skilgreining á efnunum sem mörk leifa gilda um myndi bæta niðurstöður greininganna sem skal framkvæma á etanóli úr landbúnaði með aðferðum á borð við gasgreiningu og væri gagnleg fyrir greinendur þar eð eldri greiningartækni útheimtir notkun á hættulegum íðefnum.
- 5) Einkum þykir rétt að takmarka estra eingöngu við „etýlasetat“. Þó að margir estrar geti myndast í gerjunarferlinu er etýlasetat sá sem er til staðar í hæsta styrkleika en aðrir estrar, sem eru mögulega til staðar í etanóli úr landbúnaði, eru ólíklegir til að vera greinanlegir með því að nota staðlaða greiningartækni og stuðla óverulega að heildarmagni estra. Mæling á etýlasetati ætti að byggjast á tilvísunaraðferðinni sem er sett fram í reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 2870/2000 <sup>(3)</sup> þar eð þetta er viðurkennd aðferð sem er notuð sem stendur við greiningu á fjölda brenndra drykkja.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 197, 26.7.2022, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2025 frá 14. mars 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 (Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2870/2000 frá 19. desember 2000 um tilvísunaraðferðir Bandalagsins fyrir greiningu brenndra drykkja (Stjtið. EB L 333, 29.12.2000, bls. 20).

- 6) Að sama skapi er „asetaldehyð“ það aldehyð sem er með mesta framlagið í heildarmagn aldehyða. Því er viðeigandi að nota eingöngu asetaldehyð sem breytu við þessa ákvörðun. Þar eð asetaldehyð er í jafnvægi við 1,1 díetoxýetan, þ.e. báðar sameindir eru til staðar og umbreyta annari yfir í hina vegna eðlisefnafræðilegra skilyrða, er einnig nauðsynlegt að telja brot af asetaldehyði sem finnst í asetali. Mæling á asetaldehyði ætti að byggjast á tilvísunaraðferðinni sem er sett fram í reglugerð (EB) nr. 2870/2000 þar eð þetta er viðurkennd aðferð sem er sem stendur notuð við greiningu á fjölda brenndra drykkja.
- 7) Stærri alkóhól eru til staðar í umtalsverðu magni eftir gerjun. Hins vegar er einungis lítið magn af stærri alkóhólum til staðar í etanóli úr landbúnaði þar eð auðvelt er að eima stærri alkóhól vegna hærri suðumarka. Mæling á stærri alkóhólum ætti að byggjast á tilvísunaraðferðinni sem er sett fram í reglugerð (EB) nr. 2870/2000 þar eð þetta er viðurkennd aðferð sem er sem stendur notuð við greiningu á fjölda brenndra drykkja.
- 8) Að því er varðar „fúrfúral“ vísar gildandi krafa um að það skuli ekki vera greinanlegt til aðferðar til vökvafasagreiningar sem er ekki lengur notuð í flestum aðildarríkjum og kemur þ.a.l. í veg fyrir samræmdar og skilgreindar greiningaraðferðir og niðurstöður. Þar eð engin skilgreind tilvísunaraðferð til að greina fúrfúral í etanóli úr landbúnaði er til sem stendur þykir rétt að skilgreina viðmiðunarmörk sem hægt er að ná með mismunandi aðferðum, sem eru sem stendur notaðar á flestum rannsóknarstofum í aðildarríkjunum, sem eru orðnar nákvæmari síðan þessi krafa var upphaflega færð á skrá. Mæling á fúrfúrali ætti að byggjast á vökvaskiljunaraðferð fyrir viðarefnasambönd sem er sett fram í reglugerð (EB) nr. 2870/2000.
- 9) Fyrir sakir heildstæðni og í samræmi við skilgreininguna á eimi úr landbúnaði sem mælt er fyrir um í 7. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/787 þykir enn fremur rétt að kveða á um að etanól úr landbúnaði hefur orðið til við eimingu, að lokinni alkóhólgerjun, á landbúnaðarafurðum.
- 10) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/787 til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Í stað 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/787 kemur eftirfarandi:

„5. gr.

#### Skilgreining og kröfur varðandi etanól úr landbúnaði

Að því er varðar þessa reglugerð er etanól úr landbúnaði vökví sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- a) það hefur fengist með alkóhólgerjun og síðan eimingu eingöngu á landbúnaðarafurðum sem eru skráðar í 1. viðauka við sáttmálann,
- b) eina merkjanlega bragðið er af hráefninu sem er notað við framleiðslu þess,
- c) lágmarksalkóhólstyrkleiki miðað við rúmmál er 96%,
- d) hámarksgildi leifa fara ekki yfir eftirfarandi:
  - i. etýlasetat: 1,3 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
  - ii. asetaldehyð (summa af asetaldehyði og 1,1-díetoxýetani): 0,5 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
  - iii. stærri alkóhól (summan af: própán-1-óli, bútan-1-óli, bútan-2-óli, metýl própán-1-óli, 2-metýlbútan-1-óli og 3-metýlbútan-1-óli): 0,5 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
  - iv. metanól: 30 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál,
  - v. fúrfúral: 0,5 grömm á hektólítra af 100% alkóhóli, miðað við rúmmál.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. apríl 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---